

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 27. maí 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að standa vörð um alla minnihlutahópa í borginni

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð standi vörð um alla minnihlutahópa í borginni. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sem dæmi hafa hallað á að ráðið standi vörð um réttindi eldri borgara í borginni og barna sem eiga um sárt að binda af einhverjum orsökum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst ráðið of sjaldan setja mannréttindamál þessara hópa á dagskrá. Eldri borgarar er hópur fólks sem lang flestir eiga eftir að tilheyra, ef Guð lofar. Þetta er fólkið sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins allt sitt fullorðinslíf og langar til að fá að lifa ævikvöldið sitt áhyggjulaust og með þeim hætti sem það sjálf kys. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð gæti gert miklu meira til að hvetja borgarstjórn til að taka málefni eldri borgara ofar á forgangslistann og samþykkja fleiri tillögur þeim til heilla. Það mætti sem dæmi færa rök fyrir því að, sé maður skikkaður til að hætta að vinna 70 ára þrátt fyrir fulla starfsgetu, þá sé það mannréttindabrot. Einnig horfir fulltrúi Flokks fólksins til þeirra barna sem nú telja 1033 á biðlista Skólaþjónustu eftir faglegrri aðstoð. Bið barna eftir nauðsynlegri þjónustu hlýtur að ganga í berhögg við mannréttindi. Þessi biðlisti hefur t.d. aldrei komið til umræðu í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. R21050275